

Kópavogur, 13. apríl 2021
Málsnr.: 2104003/Málalykill: 0.1

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

nefnasvid@althingi.is

Efni: Umsögn Tryggingastofnunar um frumvarp til laga um stafrænt pósthólf í miðlægri þjónustugátt stjórnvalda – Þingskjal 1082 – 625. mál.

Við er til tölvubréfs dags. 30. mars 2021 þar sem óskað er eftir umsögn Tryggingastofnunar um ofangreint lagafrumvarp.

Með frumvarpinu er lagt til að starfrækja skuli stafrænt pósthólf í miðlægri þjónustugátt stjórnvalda til hagsbóta fyrir almenning. Í frumvarpinu er gerð grein fyrir markmiðum þessarar samskiptaleiðar, sem fram til þessa hefur verið starfrækt án sérstaks lagagrundvallar. Meginmarkmið frumvarpsins eru að stuðla að skilvirkri opinberri þjónustu, auka gagnsæi og hagkvæmni við meðferð mála og tryggja örugga leið til samskipta stjórnvalda við einstaklinga og lögaðila á einum stað.

Í ljósi örra tækniframfara síðustu ára fagnar Tryggingastofnun því að ákveðið hafi verið að setja heildarlög sem stuðli að því að stofnanir ríkisins geti orðið skilvirkari og pappírslaus. Áhrifin af því að veita rafrænum bréfum og öðrum skjölum stofnana sama gildi og pappírbréfum yrðu umtalsverð í formi sparnaðar, bæði lagalegum og efnahagslegum, ásamt umtalsverðum vinnusparnaði fyrir starfsfólk. Telja má að lögin geti stuðlað að betra samstarfi á milli stofnana ríkisins og orðið til þess að stjórnsýslumál yrðu afgreidd þeim mun betur og hraðar sem kæmi sér vel fyrir umsækjendur t.d. hjá Tryggingastofnun sem og skjólstaðinga ríkisstofnana.

Í greinargerð með frumvarpinu segir að með frumvarpinu sé gert ráð fyrir þeirri meginreglu að stjórnvöld sendi gögn til einstaklinga og lögaðila stafrænt. Í 6. gr. frumvarpsins segir einmitt að opinberum aðilum, þ.e. ríki, sveitarfélögum, stofnunum þeirra og öðrum opinberum aðilum, sé skylt að birta gögn í stafrænu pósthólfi og er því fagnað. Í 5. gr. frumvarpsins segir hins vegar að óski einstaklingur eða lögaðili eftir því við birtingaraðila að fá gögn á annan hátt en í stafrænu pósthólfi sé birtingaraðila heimilt að innheimta gjald vegna slíkrar þjónustu til að standa undir þeim viðbótarkostnaði sem hlýst af umbreytingu og afhendingu gagnanna.

Tryggingastofnun telur það ekki skýrt hvort þessi heimild til að fá gögn á annan hátt en í stafrænt pósthólf eigi við um einstök bréf, sem einstaklingar þurfi þá að biðja um sérstaklega í hverju tilviki, eða almennt þannig að viðkomandi geti óskað eftir að öll bréf frá viðkomandi stofnun verði alltaf send á annan hátt en í stafrænt pósthólf. Ef það er ætlunin að hægt sé að



Óska eftir því að öll bréf tiltekinnar stofnunar verði alltaf send öðruvísi en í stafrænt pósthólf þá hefur sú vinna að afgreiða þá sem þess óska sérstaklega mikinn kostnað og aukavinnu í för með sér. Þá fer það einnig gegn meginmarkmiðum frumvarpsins sem eru tilgreind í greinargerðinni og fela m.a. í sér að auka gagnsæi, réttaröryggi og hagræði. Hin stafræna þróun leiðir til þess að samskipti verði sem mest rafræn og að umsýsla með gögn á pappír heyri sögunni til.

Þá er að mati Tryggingastofnunar sömuleiðis óljóst hvort heimildin til að fá bréf send á annan hátt en í stafrænt pósthólf eigi við um bréf frá einum aðila eða frá öllum aðilum í stjórnarsýslunni. Heimild sem nær til allra aðila gæti haft víðtæk áhrif og kostnað, jafnvel óvæntan, í för með sér fyrir marga aðila í stjórnarsýslunni. Er þar jafnframt bent á margfaldan kostnað þar sem margar stofnanir þyrftu þá að viðhalda útprentun bréfa í tölvukerfum sínum og sjá um gjaldtöku.

Einnig þykir óskýrt hvaða réttaráhrif það hefur ef óskað er eftir því að bréf stofnunar séu send á annan hátt en í stafrænt pósthólf. Er eftir sem áður miðað við birtingu í stafrænu pósthólfi eða hefur annar birtingarháttur áhrif þar á? Æskilegt væri að skýra betur réttaráhrifin í 7. gr. frumvarpsins.

Að lokum vill Tryggingastofnun taka undir það sem kemur fram í greinargerð með frumvarpinu að mikilvægt sé að halda sérstaklega utan um og skoða frekari úrræði fyrir hóp fatlaðra og aðgengi þeirra að gögnum pósthólfsins.

Virðingarfyllst,

Sigríður Lillý Baldursdóttir,
forstjóri Tryggingastofnunar